



# Viðhorf íslenskra barna til íslensku og ensku: Hvað segja þau um íslensku- og enskukennslu í grunnskólum?

Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Í þessari grein er fjallað um viðhorf íslenskra barna til móðurmálsins og alþjóðamálsins ensku og sérstaklega hugað að hvað þau segja um íslensku- og enskukennslu á yngsta stigi og miðstigi grunnskólans. Greinin byggist á gögnum úr viðtalshluta öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson stýrðu árin 2016–2019. Innan verkefnisins voru samdar ítarlegar vefkannanir sem 724 börn á aldrinum 3–12 ára svöruðu og 106 barna sérvalið úrtak úr þeim hópi kom síðan í viðtöl og frekari prófanir. Hér er unnið úr svörum 40 þeirra 106 barna sem tóku þátt í viðtalshluta öndvegisverkefnisins. Börnin sem hér er fjallað um voru valin út frá magni stafræns ílags/máláreitis, þar sem helmingur barnanna fékk mikið stafrænt ílag en hinn helmingurinn lítið.

Niðurstöður benda til að viðhorf 3–12 ára barna til beggja mála séu almennt jákvæð og mikið stafrænt ílag virðist ekki hafa neikvæð áhrif á viðhorf til móðurmálsins. Þemagreining á svörum barnanna sýnir að ólík viðhorf til íslensku og ensku má einkum greina í svörum 6–12 ára barna í tengslum við skólastarf. Börnin tengja góða færni í íslensku við íslenskukennslu í skólanum þar sem þau læri að tala „rétt mál“. Þar telja börn með mikið stafrænt ílag sig hins vegar læra litla ensku því hana læri þau frekar af því að horfa á enskt efni og spila tölvuleiki í frítíma sínum. Áhugavert er að börnin telja sig þurfa að læra móðurmálið í skóla en erlenda/annað málið ensku telja sum þeirra sig læra úti í samfélaginu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra nýlegra rannsókna á viðhorfum barna til íslensku- og enskukennslu í grunnskólum. Þær kalla á endurskoðun á kennslu í báðum málum í 1.–7. bekk grunnskóla, þar sem kennslan þarf að vera einstaklingsmiðaðri og taka mið af breyttri stöðu móðurmálsins og ensku í stafrænu samfélagi nútímans.

**Efnisorð:** Viðhorf, börn, stafrænt málsambýli, íslensku-/enskukennsla, grunnskólar, erlent/annað mál

## Inngangur

Á undanförunum áratug eða svo hafa orðið miklar breytingar á málumhverfi Íslendinga sem hafa haft viðtak áhrif á íslenskt málsamfélag. Fyrir þessum breytingum eru ýmsar utanaðkomandi ástæður – bæði samfélagslegar og tæknilegar (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson, 2016; Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson, 2018). Af samfélagsbreytingum má m.a. nefna alþjóðavæðingu, fjölgun innflytjenda og aukinn straum erlendra ferðamanna hingað til lands. Tækniframfarir undanfarinna ára hafa m.a. getið af sér snjalltækjabyltinguna, gagnvirka tölvuleiki og talstýrð tæki. Snjalltækjabyltingin hefur orðið til þess að fólk hefur nú greiðan aðgang að öðrum menningarheimum í gegnum tölvur, snjallsíma og spjaldtölvur og í gegnum slík tæki hefur fólk einnig ótakmarkaðan aðgang að ýmsu

erlendu afþreyingarefni á efnisveitum eins og *YouTube* og *Netflix*. Samskipti við fólk í fjarlægum löndum hafa einnig orðið einfaldari og greiðari, t.d. í gegnum gagnvirka tölvuleiki og skrif á netinu. Þá hefur talstýring tækja rutt sér til rúms á allra síðustu árum, t.d. svokallaðir stafrænir aðstoðarmenn eins og Google Home og Amazon Alexa en þeim er enn ekki hægt að stjórna með því að tala við þá íslensku. Allar þessar samfélags- og tæknibreytingar hafa leitt til þess að málsambýli íslensku við önnur tungumál hefur orðið nánara, ekki síst málsambýli íslensku og ensku.

Íslenskt málsamfélag er nú mun fjölbreyttara en það var fyrir þessar breytingar, en einnig hefur enskunotkun aukist í samfélaginu. Enska hefur fengið aukið vægi sem samskiptamál á heimsvísu á þessari öld (sbr. Crystal, 2003) og hún er ríkjandi mál í stafrænum miðlum. Þar sem börn og unglingar sækja gjarnan afþreyingu í þessa miðla og eyða þar miklum tíma er stór hluti af því ílagi (e. input) eða máláreiti sem þau fá á ensku (Dagbjört Guðmundsdóttir, 2018; Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Það er því ekki síst málumhverfi íslenskra barna og unglunga sem hefur breyst og eftir því sem tækninni fleygir fram, t.d. snjalltæki og stafrænir aðstoðarmenn verða fyrirferðarmeiri hluti af hversdagslegu lífi fólks, eykst stafrænt málsambýli (e. digital language contact) íslensku við ensku.

Tækniframförum undanfarinna ára hefur því fylgt ný áskorun, stafrænt málsambýli. Markmið öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (e. Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact, [www.molicodilaco.hi.is](http://www.molicodilaco.hi.is)) var að skoða þær afleiðingar sem aukið stafrænt málsambýli íslensku og ensku á undanförunum árum hefur haft á ílag, málkunnáttu, málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku og varpa ljósi á stöðu og framtíð íslensku á tímum mikilla samfélags- og tæknibreytinga. Verkefnið hlaut þriggja ára öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði RANNÍS á árunum 2016–2019 og verkefnisstjórar þess voru Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus, við Háskóla Íslands.

Öndvegisverkefnið var afar viðamikilið og enn er verið að vinna úr þeim gögnum sem safnað var. Beitt var tvenns konar rannsóknaraðferðum. Annars vegar voru samdar fimm mismunandi útgáfur af vefkönnun eftir aldri þátttakenda og hins vegar tekin viðtöl við þátttakendur og lagðar fyrir þá ítarlegri prófanir. Vefkannanirnar voru sendar til 5.418 manna lagskipts handahófskennds úrtaks íslenskra ríkisborgara á aldrinum 3–98 ára, sem skiptust í 11 aldurshópa. Sérstök áhersla var lögð á að ná til barna og unglunga og því voru t.a.m. 1.500 börn á aldrinum 3–12 ára í úrtakinu. Vefkönnuninum var ætlað að gefa yfirlit yfir ílagsmagn þátttakenda, þ.m.t. stafrænt ílag, málnotkun, orðaforða og ýmis málfræðileg atriði, bæði á íslensku og ensku, og viðhorf þátttakenda til tungumálanna tveggja. Svarhlutfall var um 41% í fullorðinskönnuninni (13–98 ára) en um 50% í barnakönnuninum (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Niðurstöðum vefkönnunarinnar var síðan fylgt eftir með frekari prófunum og viðtölum við 240 manna sérvalið úrtak úr hópi þeirra sem svöruðu vefkönnuninni, þar af voru 106 börn. Í barnaviðtölunum mættu þátttakendur 10 ára og eldri í tvö eins og hálfis tíma löng viðtöl og prófanir en þrjú klukkutíma löng viðtöl voru tekin við þátttakendur á aldrinum 3–9 ára. Viðtalskönnuninum var ætlað að afla nánari upplýsinga um stöðu íslenskunnar í stafrænu sambýli við ensku og áhrifum þess á málumhverfi, málnotkun og málkunnáttu Íslendinga. Einnig var viðtölunum ætlað að varpa ljósi á viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku.

Þessi grein er unnin upp úr meistaraverkefni Ólafar Bjarkar Sigurðardóttur (2020) sem skrifað var innan öndvegisverkefnisins. Meginmarkmið þess var að kortleggja viðhorf yngstu íslensku málhafanna, 3–12 ára barna, til íslensku og ensku, en einnig var leitast við að varpa ljósi á viðhorf barna til skjá- og netnotkunar og hvort magn stafræns ílags í málumhverfi þeirra hefði áhrif á viðhorf þeirra til tungumálanna tveggja. Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð og unnið úr svörum 40 barna á aldrinum 3–12 ára í viðtalshluta öndvegisverkefnisins.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir hugtakinu stafrænt málsambýli og fjallað í stuttu máli um fyrri rannsóknir á viðhorfum Íslendinga, sérstaklega barna og unglunga, til íslensku og ensku. Viðhorf málnotenda er eitt af því sem hefur mikil áhrif á framtíð og lífvænleika tungumála, t.d. ef viðhorf

málnotenda til annars tungumálsins í tvítýngdu samfélagi er mun jákvæðara en viðhorf til hins getur það síðarnefnda átt undir högg að sækja (sjá t.d. Pearson, 2007). Þá verður gerð grein fyrir niðurstöðum athugunar á viðhorfum 40 íslenskra barna til móðurmálsins og alþjóðamálsins ensku, eins og þau birtast í viðtalshluta öndvegisverkefnisins. Síðan er komið að meginumfjöllunarefni greinarinnar; hvað viðhorf 6–12 ára barnanna segja um íslensku- og enskukennslu á yngsta stigi og miðstigi grunnskólans. Loks er efni greinarinnar dregið saman í nokkrum lokaorðum.

## Stafrænt málsambýli og viðhorf til tungumála

Málsambýli í einfaldaðri mynd er þegar fleiri en eitt tungumál er í notkun á tilteknum stað á tilteknum tíma (Thomason, 2001, bls. 1). Málsambýli getur verið fjölbreytt og birst á ólíkan hátt en þegar málsambýli tveggja tungumála er náði getur það haft áhrif bæði á form og notkunarvið annars málsins eða beggja. Samskipti málhafa sem eiga sér mismunandi móðurmál eru undirstaða málsambýlis og þau hafa þar til nýlega að mestu farið fram augliti til auglitis. Með tækniframförum og alþjóðavæðingu undanfarinna ára hafa samskipti fólks hins vegar breyst og þau fara nú að miklu leyti fram í gegnum stafræna miðla, t.d. á netinu. Tækninýjungar hafa því haft töluverð áhrif á málsambýli tungumála.

Eins og nefnt var í inngangi heyrir einsleitni íslensks málsamfélags nú sögunni til því samfélagið hefur breyst hratt undanfarin ár og er nú fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr, m.a. vegna aukins innflytjenda- og ferðamannastraums. Þá hefur ensk tunga rutt sér til rúms sem alþjóðamál og raunar er yfirtaka ensku á alþjóðlegum vettvangi fordæmalaus hvað varðar áhrif á samskipti þvert á landamæri, tungumál og menningu (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2018, bls. 4). Rétt eins og víða annars staðar setur enskan svip sinn á íslenskt málsamfélag og er orðin mjög áberandi í málumhverfinu. Þetta stafar m.a. af snjalltækjabyltingunni sem hefur myndað nýja tegund málsambýlis, svokallað stafrænt málsambýli. Þetta hugtak vísar til samskipta fólks þar sem gagnvirk málleg samskipti fara fram í gegnum snjalltæki og aðra stafræna miðla.

Áður en netið kom til sögunnar undir lok 20. aldar hafði enska haslað sér völl um heim allan í gegnum útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og tónlist. Þetta ílag var þó að mestu óvirkt, þ.e. hlustendur og áhorfendur voru viðtakendur tungumálsins með því að hlusta, horfa og/eða lesa en höfðu ekki endilega tækifæri til virkrar enskunotkunar, þ.e. að tala hana og skrifa. Með tilkomu netsins, samfélagsmiðla, tölvuleikja o.fl. sköpuðust síðan fleiri tækifæri fyrir málnotendur til að tjá sig á ensku (Thomason, 2001, bls. 3). Enska hefur því á skömmum tíma orðið lykiltungumál á mörgum sviðum, ekki síst í hinum stafræna heimi þar sem hún er aðalsamskiptamálið og mikilvægi hennar fer stöðugt vaxandi á kostnað annarra tungumála (sjá t.d. umræðu um svokallaðan stafrænan tungumáladauða (e. digital language death) hjá Eiríki Rögnvaldssyni, Kristínu M. Jóhannsdóttur, Sigrúnu Helgadóttur og Steinþóri Steingrímssyni, 2012). Þótt snjalltækjabyltingin sé á margan hátt afar jákvæð þróun þá getur hún haft neikvæð áhrif á móðurmál fámennra þjóða eins og Íslendinga (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Staða íslensku í hinum stafræna heimi er veik og hefur verið talað um umdæmisvanda hennar á þessu sviði (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015; Kristján Árnason, 2001). Eigi íslenska að lifa af hið nána stafræna málsambýli við ensku þá verður hún að skapa sér umdæmi í hinum stafræna heimi og einnig er mikilvægt að viðhorf til hennar séu jákvæð.

Viðhorf málhafa innan málsambýlis til þeirra tungumála sem um ræðir geta haft áhrif á hvernig málsambýlið þróast og hvort og þá hvaða áhrif það hefur á móðurmál málhafanna til frambúðar. Í samfélögum manna er ákveðinn virðingarstigi er lýtur að málnotkun, mállyskum og tungumálum og því er misjafnt hvort viðhorf eru jákvæð eða neikvæð til ákveðinnar málnotkunar, mállyskna og tungumála. Viðhorf til tungumála eru að vissu leyti lærd hegðun sem einstaklingur tileinkar sér snemma á lífsleiðinni en ýmsir utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á mótun viðhorfa, m.a. foreldrar, skóli, bókmenntir og hinir ýmsu miðlar. Ólík viðhorf til tungumála mótast í ásku en eitt skýrasta dæmið um það er að börn eru tiltölulega ung þegar þau fara að gera greinarmun á málnotkun sem fellur undir staðalmál (eða svokallað „rétt mál“) og óformlegt mál í móðurmáli þeirra og greina

á milli málfaha sem nota hvort tilbrigði um sig (Garrett, 2002, bls. 629). Hvaða málbreytingar ná útbreiðslu í tungumálum er að nokkru leyti undir viðhorfum málfaha til máltilbrigðanna komið (Thomason, 2001, bls. 77) og einnig skipta jákvæð viðhorf málfaha sköpum þegar kemur að því hvort tungumál fámennrar þjóðar lifi af náð sambýli við alþjóðlega ríkjandi tungumál (UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages, 2003, bls. 8). Miðlar, ekki síst stafrænir miðlar, hafa nú til dags sífellt meiri áhrif á viðhorf fólks. Þeir móta viðhorf einstaklinga og eru þar af leiðandi handhæg tól til útbreiðslu nýrra hugmynda og viðhorfa, bæði jákvæðra og neikvæðra. Breyttar aðstæður á mótunarárum barna í hnattrænu samfélagi nútímans hafa ekki aðeins áhrif á skoðanir þeirra á mönnum og málefnum heldur einnig á viðhorf þeirra til málnotkunar og tungumála. Börn eiga nú greiðan aðgang að ólíkum hugmyndum og viðhorfum á netinu og því er líklegra en áður að viðhorf þeirra séu önnur en viðhorf foreldranna (Garrett, 2002, bls. 629). Ólík viðhorf barna og foreldra eru ekki síst líkleg til að birtast í viðhorfum til fámennrar þjóðtöngu eins og íslenskunnar og alþjóðamálsins ensku.

Íslenska er enn í hugum margra lituð hugmyndum um forskriftarmálfræði og tungumálið enn tengt þjóðerni og litið á það sem eins konar sameiningartákn, það sem geri Íslendinga að þjóð og sé eitt helsta þjóðareinkenni þeirra (Hanna Óladóttir, 2007, bls. 127). Þetta kemur einnig fram í doktorsritgerð Hönnu Óladóttur (2017, bls. 310) þar sem hún rannsakaði m.a. málfræðikennslu á unglingsstigi í íslenskum grunnskólum og inntak skólamálfraðinnar. Viðmælendur hennar, sem voru bæði kennarar og nemendur, virtust tengja málfræðikennslu við hugmyndir um „rétt mál“ og kennurunum fannst mikilvægt að undirbúa nemendurna sem best undir framtíðina með því að kenna þeim „viðurkennt mál“ sem gæti gagnast þeim, bæði innan skólakerfisins og á vinnumarkaði ásamt öðrum opinberum vettvangi. Sömu leiðis fannst nemendum mikilvægt að kunna og nota „rétt mál“ þar sem líklegt væri að með því að vanda málfar sitt og fylgja málstaðlinum öðluðust þau meiri trúverðugleika og virðingu annarra. Einnig kom fyrir að nemendur tengdu þetta málsnið við vandvirkni, menntun og jafnvel gáfur. Svipaðar niðurstöður fengust í rannsóknarverkefninu *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* (ÍNOK) (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018), þar sem Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson (2018) fjölluðu m.a. um viðhorf grunn- og framhaldsskólanema til þeirrar málfræðikennslu sem fram fer í íslenskum skólum. Í svörum þátttakenda kom fram áður nefnt viðhorf til „réttis máls“ og „viðurkennds málfars“. Viðhorf til „hugnunar tungunnar“, hvort leyfa ætti máltilbrigði sem stafa af málbreytingum og eru þar af leiðandi „rangt mál“ samkvæmt málstaðlinum, komu einnig fram og sumir nemendur töldu að þjóðtungan gæti jafnvel glatast ef fólk vandaði ekki málfar sitt. Niðurstöður þessara tveggja rannsókna, Hönnu Óladóttur (2017) og ÍNOK-verkefnisins, eru því samhljóða að því leyti að viðhorf ungra Íslendinga til móðurmálsins virðast litast mjög af afstöðu til „réttrar og rangrar málnotkunar“.

Íslendingar, bæði börn og fullorðnir, virðast því átta sig á mikilvægi þess að varðveita íslensku og á mikilvægi hennar í samskiptum á Íslandi. Alþjóðavæðing síðustu ára hefur engu að síður valdið ákveðinni togstreitu í huga þeirra þar sem málnotendur finna fyrir ábyrgð gagnvart íslensku sem samskiptamáli innanlands en skynja einnig mikilvægi góðrar enskukunnáttu í alþjóðlegu samhengi. Íslensk ungmenni sjá nú ekki endilega fyrir sér að búa á Íslandi í framtíðinni. Spannandi alþjóðleg störf bíða þeirra erlendis og góð enskukunnátta opnar fleiri möguleika en góð íslenskukunnátta, sem ólíklegt er að nýtist þeim á erlendum vinnumarkaði (sbr. Lilju Björk Stefánsdóttur, 2018a). Ensku er því nú yfirleitt tekið fagnandi sem samskiptamáli hér á landi, þ.e. litið er á hana sem einhvers konar lykil að hinu spennandi og framandi alþjóðasamfélagi og málhöfum virðist yfirleitt finnast þeir græða á því að tala tvö tungumál, íslensku og ensku. Íslendingar virðast þó engu að síður vera meðvitaðir um hættuna sem náð samband tungumálanna tveggja býður upp á og eru að því leyti tortryggirnir í garð enskunnar (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 107). Jeeves (2010, 2013) rannsakaði virka enskunotkun, þ.e. tal og skrif íslenskra ungmenna, og viðhorf þeirra til ensku. Niðurstöður hennar sýna að viðhorf þeirra til ensku eru almennt jákvæð. Ungmennin telja ensku forsendu samskipta, bæði erlendis og við þá sem ekki tala íslensku hér á landi en einnig í almennum samskiptum við Íslendinga, t.d. þegar þau segja brandara sem þau telja að séu hreinlega fyndnari á ensku en á íslensku (Jeeves, 2010, bls. 10). Ungmennin geta vart hugsað sér lífið án ensku, svo mikilvæg er hún. Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir (2018) fengu svipaðar niðurstöður er

þær könnuðu m.a. við hvaða aðstæður nemendur í 10. bekk grunnskóla notuðu helst ensku. Í svörum unglínganna kom í ljós að mest af því afþreyingarefni sem þeir horfðu eða hlustuðu á var á ensku. Um helmingur sagðist nota ensku mest á ferðalögum og á netinu og tæplega fimmtungur sagðist tala ensku við vini, en tiltölulega fáir lásu bækur á ensku þótt fleiri læsu tímarit. Enska virtist einnig vera mikilvægur og nokkuð stór hluti af daglegu lífi ungmennanna, því um 70% töldu hana mjög mikilvæga og 27% töldu hana frekar mikilvæga en aðeins tæplega 2% töldu hana ekki mikilvæga eða óþarfa (bls. 85–86). Þá kom fram að unglíngunum fannst enska mikilvæg í samskiptum erlendis og er það í samræmi við niðurstöður Jeeves (2010).

Niðurstöður þessara rannsókna á stöðu ensku á Íslandi benda til að magn ensku í málumhverfinu og enskunotkun ungra Íslendinga sé talsvert frábrugðin því sem stjórnvöld vinna út frá, t.a.m. þegar markmið um enskukennslu í grunnskólum eru sett fram. Þetta er hinn nýi veruleiki stafrænnar aldar þar sem börn fá mun meira enskt ílag og tileinka sér mun meiri ensku en áður í gegnum ýmiss konar afþreyingu í stafrænum miðlum (Ásrún Jóhannsdóttir, 2010, 2018; sjá einnig Lefever, 2010). Enn er þó litið á ensku sem erlent tungumál (e. foreign language) innan skólakerfisins frekar en annað mál (e. second language) og hún kennd sem slík, en gerður er greinarmunur á þessum hugtökum eftir málumhverfi málhafans þegar hann lærir málið. Talað er um annað mál þegar tungumál er lært á eftir móðurmáli á málsvæði markmálsins en erlent mál þegar menn læra tungumál, yfirleitt í skóla, sem er ekki tungumál málsamfélagsins (Birna Arnbjörnsdóttir, 2013, bls. 209). Niðurstöður rannsókna Birnu Arnbjörnsdóttur (2011, 2018) og félaga (sjá bók Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdísar Ingvarsdóttur, 2018) benda til að einmitt vegna magns ensku í málumhverfi Íslendinga nú á dögum sé ekki lengur forsvaranlegt að flokka ensku sem erlent mál á Íslandi. Einnig er athyglisvert að sum íslensk börn og unglíngar telja sjálf að hæfni þeirra í ensku sé nær því að flokkast sem annað mál en erlent mál (Jeeves, 2010).

Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að málaðstæður á Íslandi eru sérstakar að því leyti að hér hefur orðið til málsambýli þar sem annað tungumál en opinbert mál landsins er áberandi, sérstaklega í ákveðnum umdæmum, en það hefur samt sem áður ekki opinbera stöðu í málsamfélaginu. Á Íslandi er íslenska enn eina opinbera tungumálið, ásamt íslensku táknmáli (lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011). Aðstæður hér eru því frábrugðnar mörgum öðrum málsamfélögum þar sem tvö eða fleiri tungumál eru opinberlega viðurkennd í samfélaginu og enska jafnvel eitt þeirra, eins og t.d. í Kanada þar sem enska og franska eru bæði opinber mál. Íslenska er enn ríkjandi mál í íslensku samfélagi, notuð á flestum sviðum þjóðlífsins, t.d. í stjórnkerfinu, skólum, fjölmiðlum og viðskiptum, þótt blikur séu þar á lofti (sbr. Eirík Rögnvaldsson, 2016). Íslenska er því meirihlutamála á Íslandi og enska, og önnur tungumál sem hér eru töluð, minnihlutamála. Mörkin á milli meirihlutamálsins íslensku og minnihlutamálsins ensku verða þó sífellt óskýrari, einkum vegna hins stóra stafræna málumdæmis þar sem enska er ríkjandi mál.

Í breyttu málumhverfi samtímans er enska því orðin stór hluti af íslensku málsamfélagi, og enskt málareiti nær til yngri barna en nokkru sinni fyrr (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur, 2019; Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson, 2018). Náið sambýli íslensku við ensku í hinum stafræna heimi og víðar hefur og mun hafa áhrif á hugmyndir Íslendinga og viðhorf til tungumálanna tveggja. Því er afar áhugavert að skoða hvaða viðhorf börn á aldrinum 3–12 ára, sem alist hafa upp í þessu nýja málsambýli, hafa til tungumálanna tveggja, íslensku og ensku.

## Viðhorf 3–12 ára barna til tungumálanna tveggja

Meginmarkmið öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* 2016–2019 var að rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja á ílag, málkunnáttu, málnotkun og viðhorf Íslendinga til íslensku og ensku og þar með varpa ljósi á stöðu og framtíð íslensku á tímum mikilla samfélags- og tæknibreytinga (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Þessi grein byggir á úrvinnslu gagna úr viðtalshluta öndvegisverkefnisins, en þátttakendur 10 ára og eldri mættu í tvö eins og hálf tía löng viðtöl og frekari prófanir en þrjú klukkutíma löng viðtöl voru tekin við þátttakendur á aldrinum 3–9 ára. Þessum prófunum og viðtölum var m.a. ætlað að afla nánari

upplýsinga en fengust í vefkönnunum um viðhorf íslenskra barna til íslensku og ensku. Viðtölin voru hálfskipulögð (e. semi-structured) sem býður upp á frjálst samtal rannsakanda og viðmælanda þótt farið sé eftir ákveðnum leiðarspurningum. Spurningarnar sneru að tungumálanotkun barnanna almennt en einnig að daglegum athöfnum eins og lestri, áhorfi á ýmsa miðla, snjalltækjanotkun o.fl. Á sama tíma og barn mætti í viðtal var einnig tekið sérstakt viðtal við foreldri eða forráðamann þess, en í því fólst m.a. ítarleg kortlagning á ílagi barnsins á íslensku, ensku og öðrum málum ásamt stafrænu ílagsmagni þess. Niðurstöður úr þessum viðtölum við foreldra um stafrænt ílagsmagn barns þeirra voru notaðar til að velja börn í athuginna sem fjallað er um í þessari grein, sbr. *Töflu 1*.

Þátttakendur í barnaviðtölunum voru samtals 106 og voru börnin valin úr hópi þeirra 724 barna sem svöruðu vefkönnunum út frá svörum foreldra þar um magn stafræns ílags þeirra (mikið, meðal, lítið). Viðtölin við börnin fóru fram á tímabilinu ágúst 2018 – maí 2019. Þátttakendum var skipt í fjóra aldurshópa: 3–5 ára (n=34), 6–7 ára (n=18), 8–9 ára (n=24) og 10–12 ára (n=30). Í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér eru skoðuð svör 40 barna sem tóku þátt í barnaviðtölunum. Í hverjum aldursflokkum voru svör 10 barna skoðuð, en af þeim voru 5 börn sem fengu mikið stafrænt ílag daglega og 5 börn sem fengu lítið stafrænt ílag daglega samkvæmt svörum foreldra í áðurnefndum viðtölum sem tekin voru við foreldri eða forráðamann á sama tíma og barn þeirra mætti í viðtal. Í hóp barna með mikið og lítið stafrænt ílag voru valin þau 5 börn sem voru annars vegar með mesta og hins vegar minnsta stafræna ílagið í hverjum aldurshópi í viðtalskönnuninni. Samtals voru því 20 þátttakendur alls í þessari athugun sem fengu mikið stafrænt ílag og 20 sem fengu lítið stafrænt ílag. Skiptingu barnanna eftir aldurshópum og magni daglegs stafræns ílags hvers hóps í mínútum má sjá í *Töflu 1*:

**Tafla 1.** Skipting þátttakenda eftir aldurshópum og magni stafræns ílags.

Aldurshópur	Mikið ílag	Lítið ílag	Samtals fjöldi
3–5 ára	5 börn (927 mín)	5 börn (0 mín)	10 börn (927 mín)
6–7 ára	5 börn (828 mín)	5 börn (102 mín)	10 börn (930 mín)
8–9 ára	5 börn (1.572 mín)	5 börn (110 mín)	10 börn (1.682 mín)
10–12 ára	5 börn (2.201 mín)	5 börn (329 mín)	10 börn (2.530 mín)
<b>Samtals</b>	<b>20 börn (5.528 mín)</b>	<b>20 börn (541 mín)</b>	<b>40 börn (6.069 mín)</b>

Á *Töflu 1* sést að mikill munur er á samanlögðu magni stafræns ílags barna sem fá mikið stafrænt ílag og barna sem fá lítið stafrænt ílag í hverjum aldurshópi. Einnig sést að stafrænt ílag eykst eftir því sem börnin eldast. Ílagsmagn hvers barns í hópi barnanna 20 sem eru með mikið stafrænt ílag er á bilinu 100–500 mínútur daglega en ílagsmagn barnanna 20 sem eru með lítið stafrænt ílag er á bilinu 0–120 mínútur daglega. Rétt er að leggja áherslu á það sem kom fram hér að framan, að í þessa athugun voru valin þau fimm börn í hverjum aldurshópi sem voru með mesta og minnsta stafræna ílagið daglega í viðtalskönnun öndvegisverkefnisins (n=106). Þessi 40 börn eru því ekki eins dæmigerð fyrir úrtakið allt (n=106) og þau börn sem eru nær meðalílagi alls hópsins.

Viðhorfsspurningarnar í viðtölunum snerust m.a. um mat barnanna á eigin hæfni í íslensku og ensku, hvort það væri gagnlegt að kunna tungumálin tvö og þá af hverju, hvort þau vildu bæta sig í íslensku og ensku og þá hvers vegna, hvort þau reyndu að vanda sig þegar þau töluðu, hvort þau töluðu stundum ensku og þá hvar og hvenær og einnig sneru nokkrar spurningar að notkun á ýmsum stafrænum miðlum og snjalltækjum. Í flestum spurningum mátti greina ákveðin efnisleg þemu í svörum barnanna. Hér var notast við handvirka sniðmátsgreiningu (e. template analysis) þar sem viðtölin voru lesin gaumgæfilega og leitast við að finna ákveðin sameiginleg þemu í svörum við hverri spurningu. Þegar flokkað er í þemu er leitast við að finna sameiginlega þætti í svörum viðmælanda sem einkenna viðhorf þeirra til spurningarinnar og eru yfirleitt nánari útskýringar á svári þeirra. Sem dæmi má nefna að þegar leitað er eftir þemanu forskriftarmálfræði er skoðað

hvort t.d. hugtökin „rétt mál“, „rangt mál“ og „villur“ komi fram í svörum viðmælandans. Hér var að hluta til byggt á þemagreiningu Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018b) sem hún vann innan öndvegisverkefnisins. Þemun sem birtust í máli barnanna voru nokkuð fjölbreytt og eins kom fyrir að börnin, sérstaklega þau eldri, nefndu fleiri en eitt þema í svari sínu við sumum spurningunum eða þá að þemun sköruðust að einhverju leyti.

Niðurstöður þemagreiningarinnar sýna að viðhorf barnanna til tungumálanna tveggja eru almennt jákvæð og munurinn á viðhorfum til íslensku og ensku er í raun ekki mikill. Til að mynda telja flest börnin sig góð í báðum tungumálum þótt þau vilji einnig bæta kunnáttu sína í báðum málum. Samskipti eru ákveðið leiðarstef í svörum barnanna, hvort sem lítið er til viðhorfa til íslensku eða ensku. Engu að síður hafa tungumálin ólík hlutverk í þessum samskiptum, m.a. ólík umdæmi. Umdæmi íslensku eru samskipti á Íslandi, í hvaða formi sem þau eru, og virðist íslenska almennt vera tekin fram yfir ensku sem samskiptamál þegar tveir eða fleiri Íslendingar eiga í hlut. Umdæmi ensku er hins vegar að vissu leyti víðara en íslensku og margbrotnara. Það tengist að stórum hluta hinum stafræna heimi en er einnig fylgið í ferðalögum til útlanda og samskiptum við innflytjendur og útlendinga hér heima. Ein helsta skörunin á þessum mismunandi umdæmum tungumálanna tveggja eru einmitt samskipti við innflytjendur og útlendinga hér á landi, þar sem aukinn fjöldi innflytjenda og ferðamanna hingað til lands, sem tala ekki íslensku, hefur skapað þær aðstæður að enska er nauðsynlegt samskiptamál við þessa hópa hér innanlands. Það virðist þó vera skýrt í hugum barnanna að íslenska er enn ríkjandi samskiptamál á Íslandi og því mikilvægt fyrir alla þá sem kjósa að setjast hér að ná tökum á íslensku. Sum þeirra, allt börn sem fá mikið stafrænt ílag daglega, viðurkenna þó að ákveðnar aðstæður og umræðuefni sem tengjast helst notkun þeirra á stafrænum miðlum, t.d. tölvuleikir, valdi því að þau noti enskar slettur eða tali ensku við íslenska vini sína.

Í hugum barnanna skipta því bæði tungumálin miklu máli og skipa veigamikinn sess í lífi þeirra. Umdæmi tungumálanna eru þó að mestu aðskilin, íslenska á Íslandi en enska erlendis og í hinum stafræna heimi, og þau skarast lítið nema þegar kemur að innflytjendum og útlendingum hér á landi og umræðum um ákveðin efni sem tengjast stafrænni miðlanotkun, þar sem samskipti fara að nokkru leyti fram á ensku. Í raun eru viðhorf barnanna til tungumálanna tveggja svo svipuð að erfitt er að greina mun. Þó mátti greina eitt ákveðið þema þar sem viðhorf 6–12 ára barna til íslensku og ensku voru ólík, en það var þegar kom að viðhorfum þeirra til íslenskukennslu annars vegar og enskukennslu hins vegar í grunnskólum.

## Viðhorf barnanna til íslensku- og enskukennslu í grunnskólum

Þótt meistaraverkefnið sem hér er til umræðu hafi upphaflega ekki haft það að markmiði að kanna viðhorf barnanna til kennslu íslensku og ensku varð fljótt ljóst af svörum grunnskólabarnanna að þar væri að finna mun á viðhorfum þeirra til málanna tveggja.

### Viðhorf til íslensku

Í viðtölunum voru yngstu börnin, 3–5 ára, ekki spurð út í viðhorf sín til íslensku og því byggir þessi kafli á svörum þrjátíu 6–12 ára barna. Öll börnin sem svöruðu spurningunni (n=29): „Finnst þér þú vera góð/ur í íslensku?“ voru sammála um að þau væru góð eða ágæt í íslensku. Fæst börnin skýrðu mál sitt frekar en einn viðmælandi í aldurshópi 8–9 ára tengdi hæfni sína við þyngd bóka í skólanum, eins og sjá má í (1), þar sem R stendur fyrir rannsakanda og V fyrir viðmælanda:

(1) R: Finnst þér þú vera góð í íslensku?

V: Já, ég er er á undan öllum í bekknum í íslensku (ókei), ég byrjaði á undan öllum öðrum með svona erfðari bækur, þyngd.

(8–9 ára, lítið stafrænt ílag)

Þótt öll börnin teldu sig góð eða ágæt í íslensku var meirihluti þeirra sammála um að þau vildu verða betri. Þannig svöruðu 76% þeirra spurningunni: „Langar þig að verða betri í íslensku?“ jákvætt, 21% svöruðu neitandi (af þeim voru 4 börn af 6 með mikið stafrænt ílag) og eitt barn sem var með lítið stafrænt ílag svaraði „stundum“. Nokkuð mismunandi var hvers vegna eða á hvaða hátt þau vildu bæta hæfni sína í móðurmálinu en algengasta þemað í svörum barnanna var að þau vildu bæta sig í málfræði móðurmálsins. Málfræðin var iðulega tengd við skólastarf og sérstaklega orðflokkagreiningu, eins og sjá má í (2):

(2) R: Ókei. En myndirðu segja að þig langi til að verða betri í ensku, í íslensku fyrirgefðu?

V: Ee, svona í málfræði eða þannig?

R: Ja bara almennt sko.

V: Já, já.

R: Eru einhverjar ástæður fyrir því að þú vilt vera betri? Eitthvað sem þér dettur í hug?

V: Ég er ekki alveg nógu góð í svona að flokka svona æji svona í svona föll eða ekki þú veist þannig heldur svona, hvað heitir svona. Persónufornöfn og svona.

R: Já, svona orðflokkagreina eða eitthvað svona málfræðidót eða eitthvað svoleiðis.

V: Eiginlega bara í svona fornöfnum.

R: Já, ókei. En að tala íslensku?

V: Já, mér finnst það ekkert mál.

(10–12 ára, mikið stafrænt ílag)

Eins og sjá má hjá þessum tiltekna viðmælanda í hópi 10–12 ára barna virðist málfræðin yfirleitt tengd þeim málfræðiverkefnum sem eru sett fyrir í skólanum. Það sama er uppi á teningnum þegar spurt er: „Er gott að kunna íslensku?“ en öll börnin þrjátíu voru sammála henni. Viðmælandinn í (3) telur t.a.m. góða kunnáttu í íslensku sérstaklega gagnast sér við að efla orðaforða sinn og stafsetningarkunnáttu og til að komast áfram í vinnubókum í skólanum. Viðmælandinn í (4) tekur að nokkru leyti undir þetta þar sem hún telur að það sé gagnlegt að vera góður í íslensku þegar kemur að háskólanámi, sérstaklega þegar litið er til orðaforða. Hún tengir háskólanám við Ísland og í því samhengi sé góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

(3) R: Já, hvað hérna, hvað er gott við að kunna íslensku, hvað finnst þér?

V: Mmm ... maður getur lært fleiri orðaforða (mhm) og ... stafsetningu (já), að skrifa orðin rétt og eitthvað (mhm) og svo líka bara læra í vinnubókum og eitthvað.

(8–9 ára, lítið stafrænt ílag)

(4) V: Útaf því við búum á Íslandi og kannski þegar þú fer í háskóla þá eru kannski skritin orð sem þú þarft að vita og (mmm) ef þú varst ekki góð í íslensku þá kannski bara veistu það ekki og (mm) já.

(10–12 ára, lítið stafrænt ílag)

Skólastarf virðist því hafa mikil áhrif á viðhorf barnanna til færni þeirra í móðurmálinu, gagnsemi þeirrar færni og hvernig þau vilja bæta færni sína. Skólastarf var einnig algengt þema í niðurstöðum Berglindar Hrannar Einarsdóttur (2019), sem skoðaði viðhorf 48 unglunga á aldrinum 13–16 ára til íslensku og ensku í viðtalshluta öndvegisverkefnisins í meistarařitgerð sinni. Niðurstöður þemagreiningar hennar sýna að skólastarf kom mikið við sögu þegar spurt var um hvaða skilning unglungarnir legðu í það að vera góður í íslensku og ekki síst þegar þeir voru spurðir um í hvaða



aðstæðum það væri gott að vera góður í íslensku. Færni í móðurmálinu virðist því vera nátengd árangri í íslensku sem námsgrein í skólanum, bæði í hugum 6–12 ára barna og 13–16 ára unglunga.

Í svörum barnanna við þessum spurningum um íslensku birtast einnig hreintunguviðhorf og forskriftarmálfræði. Í (5) má sjá svör viðmælanda í aldurshópi 8–9 ára þar sem hreintunguviðhorf birtast. Honum finnst mikilvægt að auka íslenskan orðaforða sinn til að koma í veg fyrir að hann neyðist til að sletta ensku:

(5) R: Já, langar þig að verða betri í íslensku?

V: U jaa, allavega að læra svona einhver svona orð sem eru þú veist, mig langar ekki að fara of mikið í ensku því þá eiginlega kann ég aldrei, eða þú veist, ef að einhver fer alveg inn í ensku þá kann hann ekki nógu vel íslenskuna og þá getur hann ekki talað hana nógu vel. Mig langar ekki að vera þannig.

(8–9 ára, mikið stafrænt ílag)

Þá kemur forskriftarmálfræði fram í svörum viðmælandans í (6) þar sem hann segir gott að kunna íslensku til að geta átt samskipti við foreldra sína og í því sambandi sé mikilvægt að tala „rétt mál“:

(6) R: Mhm, en er gott að kunna íslensku?

V: Það er mjög gott já.

R: Mhm, af hverju finnst þér það?

V: ... Af því að ... Af því að ... Af því að nefnilega ... mmm ... Ja það er eiginlega engin ástæða, það er bara mjög mikilvægt að geta talað við mömmu sína og pabba og ... og mjög mikilvægt að tala rétta íslensku og ...

(6–7 ára, lítið stafrænt ílag)

Þetta hugtak kemur einnig fyrir í svari viðmælandans í (7) þegar hann er spurður hvort hann sé góður í íslensku en hann tengir greinilega góða færni í íslensku við það að tala „rétt mál“:

(7) V: Nei þú veist, ég er kannski hérna í miðjunni og hérna eru þú veist þeir sem eru lélegri í íslensku og hérna eru þeir sem eru góðir, þú veist, væri alltaf gaman að já, geta þú veist sagt allt rétt og eitthvað.

(10–12 ára, mikið stafrænt ílag)

Skólasamfélagið og viðmið sem þar gilda, t.d. hreintungustefna og forskriftarmálfræði, hafa því tvímælalaust áhrif á viðhorf barnanna til íslensku. Annað er þó uppi á teningnum þegar börnin eru spurð um enskukunnáttu.

## Viðhorf til ensku

Öll börnin voru spurð út í viðhorf sín til ensku og því byggir þessi kafli á svörum fjörutíu 3–12 ára barna. Flest segjast þau kunna einhverja ensku, eða 95% þeirra, og eins og kom fram hér að framan telja þau sig flest góð eða ágæt í henni, eða 90%. Nokkuð var um að börnin, einnig þau yngstu, tjáðu sig jafnvel óumbeðin á ensku þegar þau voru spurð: „Kannt þú einhverja ensku?“ eins og sjá má í dæmi (8):

(8) V: Já, kannski (mhm) nei ég held að ég kunni einhver, ég ætla að segja hvaða tungumál ég kann.

R: Já.

V: Okei. Good morning.

R: Good morning.

V: Hello.

R: Hello .... Þannig að þú kannst smá í ensku.

V: And ... What are you doing today?

R: I'm talking to you.

V: Yes!

R: What are you doing today?

V: I'm talking to you.

R: Oh really (hlær). Hvar lærðirðu ensku?

V: Í iPadinum mínum (mhm). Ég á iPad.

(3–5 ára, mikið stafrænt ílag)

Viðmælandinn í (8) sem er í aldurshópnum 3–5 ára virðist ekki í nokkrum vafa um hvar hann lærði ensku, þ.e. af iPad. Nokkur börn gáfu í skyn að þau hefðu alltaf kunnað ensku eða þau hefðu lært ensku án þess að leggja sig fram um það sérstaklega, eins og í dæmi (9):

(9) R: Og það, já, og hvernig, hvernig þekkirðu ensku? Hvar hefurðu séð ensku?

V: Ég bara lærði ensku.

R: Er það? (mmh) Hvar lærðirðu ensku?

V: Ekki neins staðar, ég, bara ég heyrði bara einhvern segja það (ókei), ég kann one two three four five six seven eight nine ten eleven twelve (vó) og ég kann nei, no (mhm) og yes.

R: Váá. Það er rosalega flott. Og þekkirðu einhvern sem talar ensku?

V: Já.

R: Er það?

V: Og póllensku.

(6–7 ára, lítið stafrænt ílag)

Þessi svör barnanna gefa til kynna að enska sé alltumlykjandi í málumhverfi margra þeirra frá unga aldri og sum þeirra hafi tileinkað sér hana ómeðvitað á máltökuskeiði líkt og um annað mál sé að ræða. Nánari útskýringar barnanna, þar sem sum segjast kunna litla ensku og þekkja aðeins nokkra frasa og orðatiltæki, og málsýni sem tekin voru af þeim innan verkefnisins að tala ensku sýna þó að enskukunnátta þeirra jafnast alls ekki á við færni þeirra í móðurmálinu:

(10) R: Ókei og, ertu góður í ensku?

V: My en cube ens common right me and on be [?]

R: Hvað var þetta?

V: Ég veit ekki einu sinni hvað þetta þýðir.

R: Hvar heyrðirðu þetta?

V: Ég lærði, ég lærði þetta þegar ég var þriggja ára.

(3–5 ára, mikið stafrænt ílag)

Líkt og í svörum um íslensku virðast börnin vilja bæta sig í ensku en þó á ólíkum forsendum. Eins og kom fram hér að framan vildu börnin helst bæta sig í málfræði og orðaforða í íslensku til að standa sig betur í skólanum. Hvað varðar ensku nefna flest börnin samskipti þegar þau eru spurð: „Langar þig að verða betri í ensku?“ Börnin virðast átta sig á því að enska er lykillinn að alþjóðlegum samskiptum og þau nefna annaðhvort samskipti við útlendinga og innflytjendur sem þau þekkja hér á landi eða við fólk í útlöndum. Ferðalög eru einnig iðulega nefnd í svörum við spurningunni og þessi tvö þemu, samskipti og ferðalög, eru aðalástæðurnar sem nefndar eru, eins og sjá má í (11)–(13):

(11) R: Af hverju? Af hverju heldurðu að það sé gott að kunna ensku?

V: Uu, það er bara eitthvað tungumál sem að flestir kunna.

(8–9 ára, lítið stafrænt ílag)

(12) V: Það er örugglega betra að kunna íslensku útaf því að þú býrð á Íslandi (já) en svo er gott að líka kunna ensku því það er ótrúlega mikið af ferðamönnum og svo ertu að fara til útlanda (mhm) og þarft að kunna að tala ensku og (mhm). Já, en það er allavega mikilvægara íslensku.

(10–12 ára, lítið stafrænt ílag)

(13) V: Út af sumir vinir mínir (já) eins og ég sagði var frá Póllandi. Hann talar alveg smá ensku (já) já, ég get talað við hann stundum út af því hann kann ekki alveg alla íslensku (mhm).

R: Og notarðu stundum ensku til að tala við hann?

V: Já.

(6–7 ára, mikið stafrænt ílag)

Eins og kemur fram í svörum viðmælandans í (13) virðast sum barnanna nota ensku til að eiga samskipti við vini í leikskólanum eða skólanum sem eru innflytjendur með annað móðurmál en íslensku og hafa ekki náð tökum á íslensku. Það er áhugavert að börnin nota ensku til samskipta þótt enska sé ekki móðurmál viðmælandans og hann hafi ekki endilega forsendur til að halda uppi samræðum á ensku, ekki frekar en íslenska barnið. Þessi svör sýna að enska er notuð til samskipta á Íslandi við ákveðnar aðstæður.

Í umræðu um stafrænt málsambýli hér að framan kom fram að enska er ríkjandi tungumál í hinum stafræna heimi. Börnin virðast hafa áttað sig á yfirburðastöðu ensku í þessu umdæmi, ef marka má svör viðmælandans í (14) við spurningunni: „Er gott að kunna ensku?“:

(14) V: Já, það er svona tungumálið sem er mest í tölvum, samfélagsmiðlum, bara eiginlega alls staðar núna.

(10–12 ára, mikið stafrænt ílag)

Ólíkt spurningum um viðhorf til íslensku, þar sem meirihluti viðmælenda tengdi góða færni í íslensku við skólanám, þá telja mörg börnin sig læra ensku af umhverfinu, þ.e. af hinu stafræna ílagi sem þau fá frá snjalltækjum og tölvum í frítíma sínum, eins og greina má í orðum viðmælendanna í (15) og (16):

(15) V: Ég tala eiginlega bara sko íslensku og ensku.

R: Ókei og ert- ertu byrjuð að læra ensku í skólanum?

V: Nei.

R: Nei ókei.

V: Ég læri af YouTube (hlátur).

(6–7 ára, lítið stafrænt ílag)

(16) V: Ég lærði frá tölvuleikjum.

R: Já, ég skil.

V: Inná YouTube og allt það.

R: Já, ég skil þig, en hérna ertu góður í ensku?

V: Mmmm miðja.

R: Ertu byrjaður að læra ensku í skólanum?

V: Já.

R: Okei hvenær byrjaði það?

V: Bara þegar, byrjun á árinu.

R: Í fjórða bekk?

V: Já og líka vin, mest af orðunum, það er svona eins og í barnaskóla, þeir eru að kenna okkur svoliðis ensku og ég, ég kann öll orðin sem þeir eru að segja.

R: Já, ég skil, þannig það er ekki verið að kenna þér neitt nýtt í skólanum?

V: Nei.

(8–9 ára, mikið stafrænt ílag)

Viðmælandanum í (16), sem er með mikið stafrænt ílag, finnst hann ekki læra neitt nýtt í enskutímum í skólanum, þar sé aðeins verið að kenna honum orðaforða sem hann hefur þegar á valdi sínu. Í svörum hans kristallast neikvætt viðhorf sumra barnanna til enskukennslu í grunnskólanum. Af svörum viðmælandans í (17), sem einnig er með mikið stafrænt ílag, má ráða að honum leiðist stundum enskukennslan í skólanum, t.d. útfylling vinnubóka, en þegar hann fær að nota enskukunnáttu sína í skapandi skrifum og lestri þá sé gaman:

(17) V: Mér finnst gaman í ensku fyrir utan þegar við þurfum að vera að skrifa í vinnubækurnar, en ef við erum að gera eitthvað annað eins og lesa eða gera ritun eða eitthvað þannig þá finnst mér það rosa gaman.

(10–12 ára, mikið stafrænt ílag)

Almennt benda niðurstöður þessarar athugunar til þess að 6–12 ára börn með mikið stafrænt ílag telji sig læra litla ensku í enskútímum í skólanum en erfitt er að ráða af svörum þeirra 20 barna sem eru með lítið stafrænt ílag hvert viðhorf þeirra er til enskukennslu í skólanum, þar sem þau tjáðu sig lítið um það í viðtölunum. Mörg börnin nefna að þau læri ensku úti í samfélaginu og af því stafræna ílagi sem þau fá í frítíma sínum en þau börn í hópi viðmælenda sem fá mikið stafrænt ílag daglega eru líklegri til að segjast hafa lært ensku á þennan hátt en þau sem fá lítið stafrænt ílag. Þótt fæst barnanna segðust tala ensku við íslenska vini sína þá viðurkenndu sum sem fá mikið stafrænt ílag daglega að þau töluðu ensku eða slettu ensku í samtölum um ákveðin umræðuefni, t.d. í umræðum um enska tölvuleiki og þætti. Ákveðnar aðstæður eða umræðuefni virðast því valda því að þau leyfa sér aukna enskunotkun. Samskiptin virðast þó að mestu fara fram á íslensku, þótt ákveðin vandkvæði geti komið upp í slíkum umræðum eins og sjá má í (18):

(18) R: En hérna, okei en spilarðu einhverja fleiri?

V: Ég spi, ekki það, stundum spila ég við vini mína Minecraft, það er ekki oft samt.

R: Okei er það þá þannig að vinir þínir eru bara á öðrum stað skilurðu, þeir eru bara heima hjá sér eða eitthvað?

V: Já, já.

R: Bara í gegnum netið?

V: Oftast spilar maður þannig.

R: Eruði þá að tala saman með headset?

V: Já, við erum þá í partý, spjöllum saman.

R: Og eruði að tala saman á íslensku eða ensku?

V: Við tölum saman á íslensku, stundum fer það að vera smá ruglandi þegar maður er svona, þegar að maður er svona að tala um hluti sem eru á ensku, svona eins og „pistle“ eða eitthvað, þá svona „hey geturðu rétt mér pistúlið“ (hlátur).

R: Já (hlátur), þá íslenskar maður það svona.

V: Já.

(10–12 ára, mikið stafrænt ílag)

Viðmælandinn í (18) kemur raunar inn á athyglisvert atriði þar sem hann segir flókið að halda samskiptum eingöngu á íslensku þegar spilaðir eru gagnvirkir tölvuleikir á ensku. Hann segir að samskiptin litist oft af enskum orðum þótt börnin aðlagi þau að einhverju leyti að íslensku málkerfi. Það er áhugavert og bendir til þess að reglur íslensks málkerfis séu mjög virkar í huga þessara barna.

Eins og komið hefur fram eru snjalltæki og stafrænir miðlar orðnir hluti af daglegu lífi íslenskra barna og niðurstöður viðtalanna benda til að stór hluti stafræns ílags barnanna sé á ensku (sjá Ólöfu Björk Sigurðardóttur, 2020, kafla 4.4). Enskt stafrænt ílag er því hluti af málumhverfi margra ungra íslenskra barna í dag og eykst eftir því sem börnin eldast (sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur, Irisi Nowenstein, Thorbjörgu Thorvaldsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur, 2020, bls. 612). Að mati sumra 6–12 ára barnanna hefur þetta stafræna ílag mun meira að segja um að þau læri ensku heldur en sú enska sem kennd er í grunnskólum landsins. Einnig er rétt að nefna að þótt gagnvirk samskipti barna á ensku í gegnum stafræna miðla virðist ekki vera mikil þá virðast börn sem fá mikið stafrænt ílag daglega hafa meira sjálfstraust þegar þau þurfa að tjá sig á ensku en börn sem fá lítið stafrænt ílag daglega, en þau voru greinilega órugg með enskufærni sína. Viðhorf barnanna til ensku almennt eru jákvæð og virðast ekki litast af magni þess stafræna ílags sem þau fá daglega, en ílagsmagnið hefur engu að síður bein áhrif á þær hugmyndir sem þau gera sér um eigin enskufærni og í tilfelli barna með mikið stafrænt ílag á viðhorf þeirra til þeirrar enskukennslu sem þau fá í grunnskóla.

## Lokaorð

Eins og rakið hefur verið í þessari grein eru viðhorf málnotenda eitt af því sem hefur mikil áhrif á framtíð og lífvænleika tungumála. Niðurstöður athugunar á viðhorfum fjörutíu 3–12 ára íslenskra barna, sem tóku þátt í viðtalshluta öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, til móðurmálsins og alþjóðamálsins ensku, benda til að viðhorf þeirra til beggja mála séu almennt jákvæð. Áhugavert er að það sem einna helst greinir á milli viðhorfa til tungumálanna tveggja eru ólík viðhorf sumra 6–12 ára barnanna til íslensku- og enskukennslu í grunnskólum. Þannig tengja börnin góða færni í íslensku við íslenskukennslu í skólanum, þar sem þau læri að tala „rétt mál“ sem sé nauðsynlegt til að öðlast virðingu eldri kynslóða og styrkja stöðu sína í samfélaginu. Góða kunnáttu í ensku tengja sum þeirra hins vegar ekki enskukennslu í skólanum, því þar telja börn sem fá mikið stafrænt ílag daglega sig læra litla ensku. Hana læri þau frekar af umhverfinu, þ.e. því stafræna ílagi sem þau fá frá snjalltækjum og tölvum í frítíma sínum. Börn sem fá mikið stafrænt ílag daglega eru líklegri til að segjast hafa lært ensku á þennan hátt en börn sem fá lítið stafrænt ílag. Niðurstöður þessarar athugunar benda einmitt til að stafrænt ílag barnanna sé að miklu leyti á ensku og niðurstöður öndvegisverkefnisins sýna að enskt ílag eykst eftir því sem börnin eldast (sbr. Irisi Eddu Nowenstein, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Sigríði Sigurjónsdóttur, 2018; Sigríði Sigurjónsdóttur o.fl., 2020) og að magn stafræns ílags hefur jákvæð áhrif á enskan orðaforða þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir o.fl., 2020).

Þessi svör barna með mikið stafrænt ílag daglega gefa til kynna að enska sé alltumlykjandi í málumhverfi þeirra frá unga aldri og sum þeirra hafi tileinkað sér hana ómeðvitað á máltökuskeiði líkt og um annað mál sé að ræða frekar en erlent mál (sjá einnig Birnu Arnbjörnsdóttur, 2011, 2018). Erfitt er þó að segja til um hvort enska sé raunverulega að verða annað mál sumra íslenskra barna og unglinga eða flokkist enn sem erlent mál á Íslandi. Ætla má að til þess að hægt sé að fullyrða að svo sé þyrfti enskt ílag að vera enn meira og fjölbreyttara að gerð í málumhverfinu og það þyrfti að ná til allra barna, en magn þess enska ílags sem börn fá á máltökuskeiði er breytilegt (sjá Irisi Eddu Nowenstein o.fl., 2018; Sigríði Sigurjónsdóttur o.fl., 2020). Samkvæmt niðurstöðum þessarar athugunar virðast sum börn telja sig allt að því altalandi á ensku er þau mæta í 1. bekk grunnskóla en önnur segjast kunna litla ensku og þekkja aðeins nokkra frasa og orðatiltæki. Þessar niðurstöður athugunarinnar geta þó stafað af því hvornig börnin fimm í hverjum ílagshópi voru valin í þessa athugun (n=40), þ.e. valin voru þau fimm börn í hverjum aldurshópi sem voru með mesta og minnsta stafræna ílagið daglega í viðtalskönnun öndvegisverkefnisins (n=106). Börnin í þessari athugun eru því ekki eins dæmigerð fyrir úrtakið allt (n=106) og börn sem eru nær meðalílagi hópsins alls. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að enn er misjafnt á milli skóla á hvaða aldri enskukennsla hefst, en grunnskólar hafa leyfi til að byrja enskukennslu að einhverju leyti áður en kennsla ensku hefst í 4. bekk samkvæmt lögum. Sum börn hefja því enskunám sitt í 1. bekk eða jafnvel í leikskóla (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2018, bls. 6).

Nánari útskýringar barnanna og ensk málsýni sem tekin voru af þeim innan öndvegisverkefnisins sýna þó að enskukunnátta þeirra jafnast alls ekki á við færni þeirra í íslensku. Niðurstöður þessarar athugunar og fyrri rannsóknir á stöðu ensku á Íslandi (sjá t.d. Ásrúnu Jóhannsdóttur, 2010, 2018; Jeeves, 2010; Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdís Ingvarsdóttur, 2018) benda þó til að magn ensku í málumhverfinu og enskunotkun margra ungra Íslendinga sé talsvert frábrugðin því sem stjórnvöld vinna út frá, t.a.m. þegar markmið um enskukennslu í grunnskólum eru sett fram. Þetta er hinn nýi veruleiki stafrænnar aldar þar sem börn fá mun meira enskt ílag og tileinka sér mörg hver mun meiri ensku en áður í gegnum ýmiss konar afþreyingu í stafrænum miðlum. Í þessu sambandi er einnig áhugavert að börnin telja sig þurfa að læra móðurmálið í skóla en erlenda/annað málið ensku telja sum þeirra sig læra úti í samfélaginu. Þessar niðurstöður kalla á endurskoðun kennslu í báðum málum í 1.–7. bekk grunnskóla, þar sem kennslan þarf að vera einstaklingsmiðaðri og taka mið af breyttri stöðu móðurmálsins og ensku í stafrænu samfélagi nútímans.

## **Icelandic Children's Attitudes towards Icelandic and English: What do they tell us about the teaching of Icelandic and English in elementary schools?**

The Icelandic language community has changed drastically in recent years due to rapid sociological and technological developments. On the social side, globalization, an explosion in tourism, and a rising number of immigrants have led to increased language contact between Icelandic and English. On the technological side, recent advancements, for example the enhanced usage of smart devices, tablet computers, and voice-controlled electronic equipment, have brought Icelandic into digital language contact with English. These changes were the motivation for the research *project Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact* (<http://molicodilaco.hi.is>). This three-year project (2016–2019), financed by a Grant of Excellence from the Icelandic Research Fund, was awarded to Sigríður Sigurjónsdóttir, professor, and Eiríkur Rögnvaldsson, professor emeritus, at the University of Iceland.

The main goals of the project were to construct a nation-wide profile of the amount of Icelandic and English input that Icelandic speakers of different ages receive, their attitudes to Icelandic and English, and their language use and competence in both languages. The project included an online survey sent to a stratified random sample of 5,418 speakers aged 3–98 in addition to in-depth interviews and further testing sessions with a group of 240 speakers selected from the participants in the online survey according to certain criteria. 724 children, aged 3–12, responded to the online survey, which was partly parent-administrated; 106 of these children were selected to participate in the in-depth testing sessions. The 3–9-year-old participants were interviewed three times, for one hour each time, whereas participants 10 years or older were interviewed twice, for one and a half hours each time.

In this article, which is based on Ólöf Björk Sigurðardóttir's (2020) MA-thesis, we focus on the attitudes of 40 children, aged 3–12, towards their native tongue, Icelandic, and the global language, English. The data comes from interviews within the in-depth testing sessions. The children were divided into four age groups: 3–5, 6–7, 8–9, and 10–12-years-old, respectively. Each age group included 10 children, 5 of whom received a lot of digital language input daily and 5 of whom did not. The results of the study suggest that Icelandic children in general have positive feelings towards both languages. A common theme in the children's responses is that both languages are necessary for communication, although their domains are different. The children associate Icelandic with communication within Iceland, where everyone should speak Icelandic. On the other hand, they associate English with travel abroad, communication with immigrants in Iceland, who don't speak Icelandic, and the discussion of certain topics. Thus, certain circumstances demand the use of English in Iceland, for example where not every child in the conversation group is fluent in Icelandic, or when the group is discussing such topics as English computer games or TV programs. The amount of digital language input the children receive daily does not affect their general attitudes towards Icelandic and English, although the children who receive a lot of digital input daily are the ones admitting to using English when playing computer games and using digital media.

Differences in attitudes towards the two languages surface most notably in the 6–12-year-old children's answers to questions regarding schoolwork and the teaching of Icelandic and English in elementary school (grades 1–7). The children associate good knowledge of Icelandic with the teaching of Icelandic at school, where they learn to speak grammatically "correct" Icelandic. On the other hand, the children who receive a lot of digital input do not believe that they learn much English in school. They say they learn English in their spare time, from watching TV-shows on *Netflix* and *YouTube*, and from playing computer games. These results are consistent with those of previous studies, e.g., Hanna

Óladóttir (2017), Ásgrímur Angantýsson et al. (2018), Ásrún Jóhannsdóttir (2010, 2018), Jeeves (2010), and Birna Arnbjörnsdóttir & Hafdís Ingvarsdóttir (2018), indicating that 6–12-year-old Icelandic children believe that they have to have formal teaching in their native language at school, whereas some of them do not think they need formal teaching in the foreign/second language English, which they now learn extramurally through contextual learning. Children who receive a lot of digital input daily are more likely to say that they learn English in this way, and they are also more confident in their ability to speak English than children with less digital input. Overall, these findings indicate that a re-evaluation of the teaching of both languages in elementary school is called for. Thus, the approach to teaching English has to be more individualized since the status of English is now for some children more like that of a second than a foreign language. Moreover, the teaching of Icelandic should not focus so much on prescriptive standards, but rather emphasize the children's knowledge of Icelandic, which is a modern living language.

**Key words:** Language attitudes, children, digital language contact, teaching of Icelandic/English, elementary schools, foreign/second language

### Um höfunda

Ólöf Björk Sigurðardóttir (olof@menntaborg.is) er íslenskukennari við Menntaskóla Borgarfjarðar. Hún lauk BA-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands árið 2018 og MA-prófi í íslenskukennslu frá sama skóla árið 2020. Lokaverkefni hennar til meistaraþrófs fjallaði um áhrif stafræns málsambýlis íslensku og ensku á viðhorf barna til tungumálanna tveggja og var skrifað undir leiðsögn Sigríðar Sigurjónsdóttur prófessors.

Sigríður Sigurjónsdóttir (siggasig@hi.is) er prófessor í íslenskri málfræði við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá University of California í Los Angeles árið 1992 og hefur starfað við Háskóla Íslands frá 1994, sem prófessor frá 2010. Sérsvið hennar eru máltaka barna, málbreytingar í íslensku nútímamáli og stafrænt málsambýli íslensku og ensku. Hún hefur birt fjölmargar ritrýndar greinar á þeim sviðum.

### About the authors

Ólöf Björk Sigurðardóttir (olof@menntaborg.is) is a teacher of Icelandic at Borgarfjörður Junior College. She received a BA degree in Icelandic from the University of Iceland in 2018 and an MA-degree in the Teaching of Icelandic from the same university in 2020. In her MA thesis, she investigated the effects of digital language contact with English on the attitudes of 40 Icelandic children, aged 3–12, towards the two languages (advisor Professor Sigríður Sigurjónsdóttir).

Sigríður Sigurjónsdóttir (siggasig@hi.is) is professor of Icelandic language in the Faculty of Icelandic and Comparative Cultural Studies at the University of Iceland. She received her Ph.D. from the University of California at Los Angeles in 1992 and has been employed at the University of Iceland since 1994 – as a full professor since 2010. She specializes mainly in first language acquisition, language change and language contact, and has written a number of peer reviewed articles on those subjects.



## Heimildir

- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson. (2018). Málfræði og málfræðikennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 135–173). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ásrún Jóhannsdóttir. (2010). English in the 4th grade in Iceland: Exploring exposure and measuring vocabulary size of 4th grade students. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/007.pdf>
- Ásrún Jóhannsdóttir. (2018). English exposure and vocabulary proficiency at the onset of English instruction. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Language development across the lifespan: The impact of English on education and work in Iceland* (bls. 57–78). Cham: Springer.
- Berglind Hrönn Einarsdóttir. (2019). Viðhorf unglunga til íslensku og ensku. *Niðurstöður viðtalskönnunar við 48 unglunga á aldrinum 13–16 ára* (meistararitgerð í íslenskrí málfræði). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/32654>
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure to English in Iceland: A quantitative and qualitative study. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/004.pdf>
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2013). Chomsky og kenningar um tileinkun annars máls og erlendra mála. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstjórar), *Chomsky: Mál, sál og samfélag* (bls. 207–226). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2018). The policies and contexts that frame English education and use in Iceland. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland* (bls. 19–34). Cham: Springer.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar). (2018). *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland*. Cham: Springer.
- Crystal, D. (2003). *English as a global language* (2. útgáfa). Cambridge: Cambridge University Press.
- Dagbjört Guðmundsdóttir. (2018). *Aldursbundin þróun stafræns ílags í málsambylti íslensku og ensku: Kortlagning á umfangi, eðli og áhrifsbreytum* (meistararitgerð í íslenskrí málfræði). Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/29954>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2015). Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi? *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt af <http://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafrænum-heimi/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírni, 190*(vor), 17–31.
- Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. (2012). *Íslensk tunga á stafrænni öld / The Icelandic language in the digital age* [META-NET White Paper Series]. Berlín: Springer.
- Garrett, P. (2002). Language attitudes and sociolinguistics. *Journal of Sociolinguistics*, 5(4), 626–631.
- Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir. (2018). Learning and using English: The views of learners at the end of compulsory education. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland* (bls. 79–94). Cham: Springer.
- Hanna Óladóttir. (2007). „Ég þarf engin fornrit til að vita að ég er Íslendingur, ég vil samt tala íslensku“: Um viðhorf Íslendinga til eigin tungumáls. *Ritið*, 7(1), 107–130.
- Hanna Óladóttir. (2017). *Skólamálfraði: Hver er hún og hver ætti hún að vera? Um markmið og áhrif málfræðikennslu á unglingsstigi grunnskólans* (doktorsritgerð í íslenskrí málfræði). Sótt af <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/393>
- Iris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2018). Að tileinka sér móðurmál í tæknivæddum heimi. *Skíma 41*, 17–21.
- Jeeves, A. (2010). English at secondary school: Perceptions of relevance. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/002.pdf>
- Jeeves, A. (2013). *Relevance and the L2 self in the context of Icelandic secondary school learners: Learner views* (doktorsritgerð í ensku). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16755>
- Kristján Árnason. (2001). Málstefna 21. aldar. *Málfregni 11*, 3–9.

- Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar). (2018). Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lefever, S. (2010). English skills of young learners in Iceland: „I started talking English when I was 4 years old. It just bang ... just fall into me.“. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntavika2010/021.pdf>
- Lilja Björk Stefánsdóttir. (2018a). *Heimdragar og heimsborgarar: Menningarlegur hvati í stafrænu málsambýli* (meistararitgerð í íslenskrri málfræði). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29936>
- Lilja Björk Stefánsdóttir. (2018b). *Þemagreining* (óúttefning skýrsla). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákna máls nr. 61/2011.
- Ólöf Björk Sigurðardóttir. (2020). *Tungumál og tæknivædd börn: Viðhorf barna til íslensku og ensku og tengsl þeirra við skjá- og netnotkun* (meistararitgerð í íslenskrri málfræði). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/35319>
- Pearson, B. Z. (2007). Social factors in childhood bilingualism in the United States. *Applied Psycholinguistics*, 28, 399–410.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016). Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedinginog-maltaka-islenskra-barna/>
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2019). Ljáðu mér eyra: Framtíð íslenskunnar og málumhverfi ungra barna. *Skirnir*, 193(vor), 47–67.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). Stafrænt sambyli íslensku og ensku. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2018*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/menntavika\\_2018/05.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/menntavika_2018/05.pdf)
- Sigríður Sigurjónsdóttir, Iris Nowenstein, Thorbjörg Thorvaldsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir. (2020). Contact without contact: English digital language input and its effects on L1 Icelandic. Í Megan M. Brown og Alexandra Kohut (ritstjórar), *Proceedings of the 44th Boston University conference on language development* (bls. 606–619). Somerville, MA: Cascadia Press.
- Thomason, S. (2001). *Language contact: An introduction*. Edinburgh: Edinburgh University Press.
- UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. (2003). *Language vitality and endangerment*. Sótt af [http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CLT/pdf/Language\\_vitality\\_and\\_endangerment\\_EN.pdf](http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CLT/pdf/Language_vitality_and_endangerment_EN.pdf)



Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2020). Viðhorf íslenskra barna til íslensku og ensku: Hvað segja þau um íslensku- og enskukennslu í grunnskólum? Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntavika 2020. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2020/menntavika\\_2020/03.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2020/menntavika_2020/03.pdf)  
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.9>